

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 13S/924**  
**komudagur 12.12.2007**

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



**Persónuvernd**

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 10. desember 2007  
Tilvísun: 2007120869 SMG/--

Persónuvernd vísar til bréfs iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 27. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar Persónuverndar um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, aðgengilegir orkusölusamningar (þskj. 43, 43. mál, 135. löggjafarþing).


Í frumvarpinu er lagt til að í 5. mgr. 5. gr. raforkulaga verði sett viðbótarskilyrði fyrir veitingu virkjunarleyfis, þ.e. að orkuverð og aðrir samningsskilmálar sem leyfishafi gerir við kaupendur orkunnar séu opinberir og öllum aðgengilegir.

Persónuvernd bendir í fyrsta lagi á að ákvæði um raforkuviðskipti er að finna í V. kafla laganna.

Að því er varðar efnislegt inntak frumvarpsins skal, í öðru lagi, bent á, að í athugasemdum í greinargerð segir að eðli málsins samkvæmt sé yfirlétt um að ræða samninga við stórnotendur eða heildsölu til stórkaupenda sem síðan endurselja eða dreifa orkunni. Þetta mætti koma skýrar fram í frumvarpinu sjálfu, en samkvæmt 18. gr. raforkulaga verður leyfi til að stunda raforkuviðskipti eingöngu veitt sjálfstæðum *lög- og skattaðila* og samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga, með áorðnum breytingum, er stórnotandi notandi sem notar á einum stað a.m.k. 14 MW afl með árlegum nýtingartíma 8.000 stundir eða meira og má því gera ráð fyrir að þar sé einnig um að ræða *lögðila*.

Að öðru leyti gerir Persónuvernd engar athugasemdir, enda snúa grunnreglur persónuupplýsingaréttarins að meðferð og vinnslu *persónuupplýsinga*, þ.e. upplýsinga sem beint eða óbeint má rekja til tiltekins *einstaklings*, en ekki upplýsinga um lögðila.

Virðingarfyllt

  
Sigrún Jóhannesdóttir